

# Fundargerð 61.. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2021, mánudaginn 8. febrúar kl. 13:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Rebekka Hilmarsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson, Jón Björn Hákonarson, Matthildur Ásmundardóttir, Njáll Ragnarsson og Þorgeir Pálsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gauti Jóhannesson boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - óskað umsagnar - 2011002SU

Lagt fram til kynningar

*Formaður greindi frá fundi með fulltrúum ráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hafnasambandinu.*

*Rætt var um frumvarpið.*

*Ákveðið að formaður og starfsmaður rýni frumvarpið og upplýsi stjórn ef breytingar hafa orðið á fyrirliggjandi frumvarpi og þeim drögum sem búið er að veita umsögn um.*

### 2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.)- óskað umsagnar - 2102001SU

Lagt fram til kynningar.

Umsagnarfrestur er til 10. febrúar 2021.

*Í ljósi þess að hagsmunir sveitarfélaga eru ólíkir í þessu máli er það niðurstaða stjórnar að í stað þess að samtökin skili inn sameiginlegri umsögn um frumvarpið muni hvert og eitt sveitarfélag skila inn umsögn.*

### 3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkola og hryggleysingja)- óskað umsagnar - 2102002SU

Lagt fram til kynningar.

Frestur til umsagnar er til 10. febrúar 2021.

*Í ljósi þess að hagsmunir sveitarfélaga eru ólíkir í þessu máli er það niðurstaða stjórnar að í stað þess að samtökin skili inn sameiginlegri umsögn um frumvarpið muni hvert og eitt sveitarfélag skila inn umsögn.*

### 4. Tekjur sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi - 2102004SU

Umræða um tekjustofna sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi.

Rætt um hugmyndir þess efnis að samtökin láti vinna fyrir sig greinargerð um tekjustofna sveitarfélaga vegna sjávarútvegs og þ.m.t. fiskeldis, þar sem einnig kæmi fram skipting á tekjum sveitarfélaga annars vegar og ríkisins hins vegar.

Formanni falið ásamt starfsmanni að vinna drög að verklýsingu sem kynnt verður á næsta stjórnarfundum.

Fundi var slitið kl. 13:45

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

Baldur Smári Einarsson

---

Fannar Jónasson

---

Jón Björn Hákonarson

---

Matthildur Ásmundardóttir

---

Njáll Ragnarsson

---

Þorgeir Pálsson